FEL 060 80004

Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 67. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1981.

Sextugasta og sjöunda allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) var háð í Genf dagana 3.—24. júní 1981. Þingið sóttu 1866 fulltrúar og ráðunautar frá 137 af 145 aðildarríkjum stofnunarinnar. Auk þess sátu þingið áheyrnarfulltrúar frá ýmsum stofnunum og samtökum.

Forseti Venesuela Luis Herera Campins heimsótti þingið og flutti ræðu á sérstökum fundi. Aðrir heiðursgestir voru norsku krónprinshjónin.

Forseti þingsins var kjörinn Alioune Diagne vinnumálaráðherra Senegal.

Svavar Gestsson félagsmálaráðherra sótti þetta þing, en aðrir fulltrúar Íslands voru dr. Hannes Jónsson sendiherra og Jón S. Ólafsson skriftofustjóri sem stjórnarfulltrúar, Skúli Jónsson viðskiptafræðingur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands sem fulltrúi atvinnurekenda og Kristín Mäntylä skrifstofustjóri Alþýðusambands Íslands sem fulltrúi launafólks. Þá var og Tómas Karlsson sendiráðunautur varamaður stjórnarfulltrúa.

Dagskrá.

Fastir liðir á dagskrá hvers þings eru þrír, en þeir eru þessir:

1. Skýrsla forstjóra.
2. Fjárhagsmálefni.
3. Skýrslur um framkvæmd samþykkta og tillagna Alþjóðavinnumálaþingsins.

Auk þess voru á dagskrá þessa þings eftirtalin mál:

4. Efling kjarasamninga (síðari umræða).
5. Sömu möguleikar og jafnrétti karla og kvenna í atvinnulífinu, starfsfólk með fjölskyldu-ábyrgð (síðari umræða).
6. Öryggi og heilbrigði við vinnu (síðari umræða).
7. Tryggingaréttindi erlendra starfsmanna (fyrri umræða).
8. Ráðningarslit að frumkvæði atvinnurekanda (fyrri umræða).
9. Skýrsla frá starfshópi um skipulagsmál ILO.
10. Aðskilnaðarstefna Suður-Afríku (Apartheid).

Auk framangreindra dagskrármála var fjallað um tillögur til ályktana og kjörin var stjórn fyrir tímabilið 1981—1984.

1. Skýrsla forstjóra.

Að venju fjallaði skýrsla forstjóra um starfsemi stofnunarinnar á liðnu ári, en auk þess tók hann í þessari skýrslu sinni til umfjöllunar endurþjálfun fatlaðs fólks.

Til máls tóku alls 215 ræðumenn um þennan dagskrárlið þ. á m. 78 ráðherrar. Ekki voru þessar umræður nú fremur en venjulega stranglega bundnar við efni framlagðrar skýrslu forstjórans og ræddu menn einnig almennt um hlutverk stofnunarinnar og þau mál sem brýnast væri að hún léti til sín taka. Þá gerðu og margir grein fyrir framvindu mála í sínum heimalöndum.

Umræðum þessum lauk með svarræðu forstjórans Blanchard.

Í upphafi ræðu sinnar bauð hann Miðbaugs-Guineu velkomna í hóp aðildarríkja ILO og lét í ljós von um að Kína mundi á næstunni hefja þátttöku í störfum stofnunarinnar.

Þá minntist forstjórinn norræna sumarskólans, Genfarskólans, sem nú hélt hátíðlegt fimmtugsafmæli sitt. Bar hann fram þakkir til skólans fyrir störf hans að kynningu á Alþjóðavinnumálastofnuninni á Norðurlöndum.

Hinar almennu umræður og athugasemdir og gagnrýni sem komu fram í þeim kvað hann bera ótvíræðan vott um samhuga óskir þess efnis að ILO eigi vaxandi hlutverki að gegna í myndun betri og réttlátari heims.

Þegar ræða skal um hlutverk ILO kvað hann fyrst bera að minnast þeirrar stefnumörkunar sem sett er í stofnskránni og síðan endurtekin með aukinni áherslu í Philadelfíuyfirlýsingunni sem gerð var árið 1944. Þegar sú yfirlýsing var gerð var ILO í raun eina greinin sem eftir lifði af þeim alþjóðasamtökum sem stofnuð voru að lokinni fyrri heimsstyrjöldinni. Nú eru aðstæður mikið breyttar þar sem til sögunnar er kominn fjöldi alþjóðlegra samtaka og stofnana, sem ILO verður að taka tillit til í störfum sínum án þess að bregðast þeim skyldum sem á stofnuninni hvíla. Fyrst og fremst er hér um að ræða stofnanakerfi Sameinuðu þjóðanna sem ILO er beinn aðili að, en einnig er fjöldi svæðisbundinna samtaka, sem hver fyrir sig hafa sérstöku hlutverki að gegna.

Forstjórinn gat þess að á árinu 1980 hefði stofnunin haft nálægt 100 millj. dollara til ráðstöfunar til hjálpar þróunarlöndunum, en það jafngilti 25% aukningu til tæknilegrar aðstoðar. Þetta gæti vakið bjartsýni. En staðreynd er að möguleikar til fjármögnunar þessarar starfsemi færi hættulega mikið þverrandi og stöðugt fleiri ríki telja sig nauðbeygð til að skerða sín framlög.

Í skýrslu sinni hafði forstjórinn gert grein fyrir stuðningi ILO við framtak Sameinuðu þjóðanna á sviði starfsþjálfunar fatlaðra og fagnaði hann þeim undirtektum, sem það mál hafði fengið í umræðunum. Hann kvað ILO hafa stærra hlutverki að gegna á þessu sviði en aðrir vegna þess að stofnunin hefur ekki einungis innan sinna vébanda fulltrúa stjórnvalda, heldur einnig verkafólks og atvinnurekenda. Hann lýsti sig einnig sammála þeim mörgu sem lagt höfðu áherslu á þörf ráðstafana gegn slysum við vinnu og atvinnusjúkdómum og skýrði frá því að á þingunum 1982 og 1984 yrði fjallað um endurþjálfun til starfa.

Þá ræddi forstjórinn um störf þessa þings sem hefðu reynst árangursrík þar sem gengið hefði verið frá 6 gjörningum um þrjú mál og tvö dagskrármál hefðu verið tekin til fyrri umræðu. Í sambandi við störf nefndarinnar, sem fjallar um framkvæmd samþykkta ræddi hann sérstaklega umfjöllun hennar um lágmarksaldur barna við vinnu. Kvað hann ILO verða að beita sér í auknum mæli fyrir útrýmingu barnavinnu.

ILO hefur um langt skeið látið sig mjög skipta aðskilnaðarstefnu Suður-Afríku og kvað forstjórinn þörf verulegs fjármagns til þess að framfylgja ályktunum þingsins um það mál.

Forstjórinn lagði áherslu á nauðsyn og mikilvægi heildarsamninga milli aðila vinnumarkaðarins og samráðs þeirra sín á milli og við stjórnvöldin.

ILO mun halda áfram starfi sínu að bættu vinnuumhverfi og gert er ráð fyrir að það mál verði sérstaklega tekið fyrir á þinginu 1984. Einnig mun stofnunin gera úttekt á því sem á hennar vegum hefur verið gert í sambandi við starfsmenntun og þjálfun.

Endurskoðun skipulagsmála stofnunarinnar kvað forstjórinn komna vel á veg og sæi nú fyrir endann á því starfi. Minntist hann í því sambandi sérstaklega breytinga á þingsköpum sem tryggðu konum þátttöku í þingstörfum til jafns við karla. Að hinu sama jafnræði kvað hann bera að stefna á skrifstofum stofnunarinnar.

Hve svo sem Alþjóðavinnumálaskrifstofan er mikilvæg sem tæki í þjónustu stofnunarinnar byggist styrkur hennar einungis að hluta á því sem gert er í Genf, sagði forstjórinn. Aðalstöðvarnar eru að vísu þar en tilveru stofnunarinnar má greina um heim allan. Þess vegna er mikilvægt að dreifa starfseminni til þess að ná betur til vandamála aðildarríkjanna.

Áhrif og árangur stofnunarinnar byggjast á trausti aðildarríkjanna. En því meira sem traustið er þeim mun ríkari er skyldan til að mæta því. Traust það sem ILO er sýnt er hvatning til þrotlausrar baráttu fyrir mannréttindum, rétti til atvinnu og félagslegu réttlæti, baráttu til þess að hjálpa heimi vorum og æsku hans til að samlagast þeim tíma sem hún lifir á.

2. Fjárhagsmálefni.

Fjárhagsáætlun er jafnan gerð fyrir tvö ár í senn og bar þessu þingi að gera áætlun fyrir árin 1982—1983.

Af gögnum þeim sem fram voru lögð kom í ljós að einungis 51 aðildarríki hafði greitt árgjald sitt fyrir 1981 að fullu fyrir 25. maí en árgjaldið fellur í gjalddaga í ársbyrjun. Nokkur ríki höfðu aðeins greitt hluta árgjaldsins og áttatíu ríki höfðu alls ekki greitt neitt. Þessi dráttur á greiðslu árgjalda veldur stofnuninni að sjálfsögðu verulegum óþægindum og kostnaði þar sem hún af þessum sökum verður að leita til lánastofnana. Þess skal getið að Ísland hefur jafnan greitt sitt framlag skilvíslega á fyrstu mánuðum hvers árs.

Samanlögð framlög sem jafnað var niður á aðildarríkin námu 119.023.222 dollurum 1982 og 123.384.723 dollurum árið 1983.

Hlutur Íslands er 0,03% eða 35.707 dollarar 1982 og 37.016 dollarar 1983.

3. Framkvæmt samþykkta og tillagna.

Sérstök þingnefnd fjallar jafnan um skýrslur þær sem aðildarríkjunum er skylt að láta í té.

Að þessu sinni lét nefndin sig sérstaklega skipta samþykkt og tillögu frá 1973 um lágmarksaldur barna og unglinga við vinnu. Hvatti nefndin mjög til þess að aðildarríkin gerðu gangskör að því að þeim reglum sem þar eru settar verði framfylgt. Fyrir lágu upplýsingar um að 55 milljónir barna innan 15 ára aldurs væri í vinnu og í nefndinni kom fram það álit að vandamálið varðandi barnavinnu væri sennilega ennþá umfangsmeira en sú tala gæfi til kynna. Þá var og um það rætt að í sjálfu sér leysti löggjöf ekki þennan vanda þar sem vanþróun og fátækt voru veigamestu orsakir óhóflegrar barnavinnu. Þess vegna væri mjög brýnt að stuðla að útrýmingu fátæktar og aukinni fræðslu einkum í hinum svonefndu þróunarríkjum.

Svo sem jafnan áður gerði nefndin athugasemdir um vanrækslu ýmissa ríkja á því að fullnægja skuldbindingum sínum. Þessar athugasemdir beindust að nokkrum ríkjum Asíu, Afríku og Suður-Ameríku svo og Sovétríkjunum.

4. Efling kjarasamninga.

Þetta mál var til fyrri umræðu á þinginu 1980. Þá voru samþykkt drög að samþykkt og tillögu og ákveðið að taka málið til síðari umræðu og afgreiðslu á næsta þingi. Þessi drög voru svo að venju send ríkisstjórnum til nánari athugunar og að fengnum athugasemdum þeirra voru samin ný drög sem lögð voru nú fyrir þing. Um þessi drög spunnust miklar umræður og voru skoðanir mjög skiptar um ýmis atriði þeirra ekki síst um gildissvið samþykktarinnar. Gerðar voru nokkrar breytingar á framlögðum textum og málið afgreitt með gerð samþykktar og tillögu.

Við endanlega atkvæðagreiðslu á þinginu greiddu 332 atkvæði með samþykktinni, enginn gegn, en 108 sátu hjá. Með tillögunni greiddu 417 atkvæði, enginn gegn en 7 sátu hjá.

Fyrsti kafli samþykktarinnar fjallar um gildissvið og skilgreiningar. Þar segir að hún taki til allra greina atvinnulífsins. Fyrirvari er þó gerður varðandi her og lögreglu og sérstakar reglur má setja um opinbera starfsmenn. Samþykktin tekur til allra samninga milli atvinnurekenda og verkalýðsfélaga um vinnuskilyrði, ráðningarkjör og samskipti þessara aðila.

Í öðrum kaflanum segir að ákvæðum samþykktarinnar skuli gefa gildi með landslögum eða reglugerðum að svo miklu leyti sem það er ekki gert með samningum eða öðrum þeim hætti sem samrýmist landsvenju.

Þriðji kaflinn hefur svo að geyma ákvæði um eflingu sameiginlegra samningsgerða þ. e. að stuðla að því að launafólk eða samtök þess geti sem heild samið við atvinnurekendur eða samtök þeirra. Aðgerðir stjórnvalda til þess að stuðla að og efla þróun sameiginlegra samningsgerða skulu framkvæmdar að undangengnu samráði og samvinnu milli stjórnvalda og samtaka aðila vinnumerkaðarins.

Í fjórða kafla samþykktarinnar eru hin venjulegu ákvæði um gildistöku, uppsagnir o. fl.

Í tillögunni eru gefnar ýmsar ábendingar um aðferðir til þess að stuðla að því að launafólk geti á félagslegum grundvelli samið um kaup og kjör við atvinnurekendur. Má þar til nefna stofnun og viðgang stéttarfélaga, þjálfun samningamanna, miðlun upplýsinga til þeirra o. fl.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal I og tillagan sem fylgiskjal IV.

5. Sömu möguleikar og sama aðstaða karla og kvenna í atvinnulífinu.

Mál þetta var til fyrri umræðu á þinginu 1980 og voru þá samþykkt drög að samþykkt og tillögu um málið. Þau drög voru svo samkvæmt venju send aðildarríkjunum til umsagnar. Að þeim umsögnum fengnum voru textarnir endurskoðaðir og síðan með litlum breytingum lagðir fyrir þingið 1981.

Í þingnefndinni sem um málið fjallaði voru skiptar skoðanir um það hvers konar afgreiðslu það skyldi endanlega hljóta þar sem sumir vildu láta nægja að gera um það tillögu. Niðurstaðan varð þó sú að gerð var samþykkt og tillaga.

Við endanlega afgreiðslu greiddu 324 fulltrúar samþykktinni atkvæði, enginn gegn henni, en 92 sátu hjá. Með tillögunni greiddu 346 atkvæði, enginn á móti, en 78 sátu hjá.

Samþykktin miðar að því að bæta aðstöðu þeirra vinnandi karla og kvenna sem hafa fyrir börnum eða öðrum nánum skyldmennum að sjá. Hún tekur til allra greina atvinnulífsins og allra flokka vinnandi manna. Samkvæmt samþykktinni skal hvert það ríki, sem hana fullgildir, setja sér það markmið að auðvelda fólki með fjölskylduábyrgð þátttöku í atvinnulífinu svo sem unnt er og tryggja því jafnrétti við aðra á þessu sviði. Meðal þeirra aðgerða sem samþykktin kveður á um að gera skuli í þessum efnum má nefna barnagæslu og fjölskylduaðstoð, upplýsingastarfsemi, starfsfræðslu og þjálfun o. fl. Þá er svo kveðið á að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs. Ákvæðum samþykktarinnar má framfylgja með ýmsum hætti eftir aðstæðum og venju í hverju landi.

Tillagan sem gerð var hefur að geyma ýmsar ábendingar og nánari reglur sem beint er til ríkisstjórna að fara eftir. Hún skiptist í sjö aðalkafla og gefa yfirskriftir þeirra hugmynd um efni tillögunnar:

I. Skilgreiningar, gildissvið og framkvæmd.
II. Stjórnarstefna ríkja.
III. Þjálfun og atvinna.
IV. Kjör og vinnuskilyrði.
V. Barnagæsla og fjölskylduhjálp.
VI. Félagslegt öryggi.
VII. Aðstoð við að sinna fjölskylduábyrgð.

Tillaga þessi kemur í stað tillögu frá 1965 um vinnu kvenna með fjölskylduábyrgð.

Samþykktin er prentuð hér með sama fylgiskjal II og tillagan sem fylgiskjal V.

6. Öryggi og heilbrigði við vinnu.

Á þinginu 1980 voru gerð drög að samþykkt og tillögu um þetta mál. Þau drög endurskoðuð voru svo lögð fyrir þetta þing til endanlegrar afgreiðslu og voru samþykkt með nokkrum breytingum.

Samþykktin skiptist í fimm kafla.

Í fyrsta kaflanum er kveðið á um gildissvið samþykktarinnar og merkingu orða eða hugtaka. Þar segir að hún taki til allra atvinnugreina. Þó er með vissum skilyrðum heimilt að undanskilja að nokkru eða öllu leyti einstakar atvinnugreinar svo sem siglingar og fiskveiðar. Einngi er mögulegt að undanskilja framkvæmd samþykktarinnar takmarkaða hópa starfsmanna vegna sérstakra vandkvæða varðandi þá.

Annar kaflinn hefur að geyma meginreglur varðandi stefnumörkun einstakra ríkja, en hverju ríki ber í samráði við aðalsamtök vinnumarkaðarins að semja og framkvæma stefnuskrá varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi. Tilgreindir eru þeir aðalþættir sem taka ber tillit til í slíkri stefnuskrá. Í henni skal og tilgreina hlutverk og ábyrgð stjórnvalda, atvinnurekenda, starfsmanna og annarra varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu.

Í þriðja kaflanum ræðir um aðgerðir sem varða landið allt. Þar er kveðið á um skyldu ríkisvaldsins til þess að tryggja framkvæmd þeirrar stefnuskrár sem að framan getur með lagasetningu eða öðrum viðeigandi hætti í samráði við hlutaðeigandi félagssamtök. Þá er og mælt fyrir um eftirlit og viðurlög. Mælt er fyrir um kröfur í sambandi við hönnun vinnustaða, hömlur á vinnsluaðferðum og notkun efna sem hættuleg geta verið, tilkynningar um vinnuslys og atvinnusjúkdóma, rannsóknir, skýrslugerðir o. fl. Lögð er áhersla á fræðslu um þau atriði sem varða öryggi og heilbrigði vinnandi fólks svo og á samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins og samræmi í störfum hinna ýmsu stjórnvalda.

Þriðji kafli samþykktarinnar fjallar um aðgerðir innan fyrirtækja. Þar er fyrst og fremst kveðið á um skyldur atvinnurekandans til þess að tryggja svo sem við verður komið varnir gegn slysum og heilsutjóni starfsfólks síns með öryggisráðstöfunum og fræðslu. Starfsmönnum ber og að vinna með atvinnurekanda að því að uppfylla þessar skyldur og skýrt er kveðið á um það að samstarf milli stjórnenda og starfsmanna fyrirtækis skuli vera höfuðatriði í skipulagslegum og öðrum aðgerðum sem gerðar eru í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Fimmti og síðasti kafli samþykktarinnar hefur svo að geyma venjuleg ákvæði um gildistöku, uppsagnir, endurskoðun o. fl.

Í tillögunni sem um þetta mál var gerð á þinginu eru ýmsar ábendingar og nokkru nánari ákvæði um ýmis atriði sem samþykktin fjallar um. Tillögunni fylgir skrá yfir allar samþykktir og tillögur varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur gert frá upphafi.

Við endanlega afgreiðslu greiddu 408 fulltrúar samþykktinni atkvæði, einn gegn henni en 8 sátu hjá. Með tillögunni greiddu 397 atkvæði, enginn gegn henni en 5 sátu hjá.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal 3 og tillagan sem fylgiskjal 6.

7. Tryggingaréttindi erlendra manna.

Á Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1935 var gerð samþykkt um viðhald áunninna tryggingaréttinda. Þessi samþykkt hefur aðeins hlotið fullgildingu átta ríkja og tvö þeirra hafa sagt henni upp. Hún tók aðeins til þriggja greina trygginga þ. e. elli- örorku- og eftirlifendatrygginga. Reynslan hefur sýnt að samþykktin er ekki nægilega sveigjanleg til þess að geta samrýmst hinum ýmsu tryggingakerfum. Af þessum sökum var talið rétt að taka samþykktina til endurskoðunar og fór fyrri umræða um það efni fram á þessu þingi. Umræðugrundvöllur var skýrsla skrifstofunnar sem hafði að geyma drög að efni nýrrar

samþykktar. Úr þessum drögum var á þinginu gerður nýr texti sem samkvæmt venju var sendur ríkisstjórnum til athugunar og umsagnar, en málið svo tekið til síðari umræðu á þinginu 1982 og gerð ný samþykkt. Samþykkt þessi miðar að því að tryggja það að fólk sem flyst milli landa glati ekki þeim tryggingaréttindum sem það hafði áunnið sér í landinu sem það flyst frá. Verður gerð grein fyrir efni þessarar samþykktar í skýrslu um þingið 1982.

8. Ráðningarslit að frumkvæði atvinnurekanda.

Um þetta mál var fjallað á þingunum 1962 og 1963 og það afgreitt í tillöguformi. Á fundi sínum í nóvember 1979 ákvað stjórnin að taka málið upp að nýju og setja það á dagskrá þingsins 1981 til fyrri umræðu. Að undangenginni hefðbundinni málsmeðferð var á því þingi gengið frá drögum að texta samþykktar og tillögu. Síðan skal málið endanlega afgreitt á þinginu 1982 og verður gerð grein fyrir efni þessara gjörninga í skýrslu um það þing, en þeim er ætlað að sporna við því að atvinnurekendur geti sagt starfsfólki sínu upp störfum án fullgilds tilefnis.

9. Skipulagsmál ILO.

Um margra ára skeið hefur sérstakur starfshópur unnið að því að endurskoða skipulagsmál stofnunarinnar. Verulegur árangur hefur orðið af störfum þessa starfshóps enda þótt hann hafi ekki enn getað lokið hlutverki sínu. Hefur umboð hans því verið framlengt frá ári til árs. Þær tillögur sem starfshópurinn hafði nú fram að færa vörðuðu setningu forstjóra, atkvæðagreiðslu á þingi, reglur um stofnskrárbreytingar og afgreiðslu ályktana á þingi.

10. Aðskilnaðarstefna Suður-Afríku (Apartheid).

Á síðari árum hefur ILO í auknum mæli látið sig þetta mál skipta og að þessu sinni var það tekið á dagskrá sem sérstakt dagskrármál. Árið 1964 samþykkti þingið sérstaka yfirlýsingu um þessa stjórnarstefnu Suður-Afríku og hefur forstjóri ILO árlega gefið út skýrslu um framvindu þessa máls. Nú var þessi yfirlýsing tekin til endurskoðunar. Í þessari endurskoðuðu útgáfu er lögð sérstök áhersla á aðstoð ILO við frelsishreyfingu svertingja í Suður-Afríku og verkalýðssamtök þeirra. Þessi aðstoð er bæði fjárhagsleg og einnig á sviði fræðslu, þjálfunar og í tæknilegum málum. Stofna skal sérstakan sjóð til styrktar verkamönnum í S-Afríku og koma skal á fót nýrri fræðslustofnun. Þá er í yfirlýsingunni kveðið á um eftirlitskerfi til þess að fylgjast með áhrifum og árangri aðgerða í þessum efnum. Ákveðið er að á hverju þingi fjalli sérstök nefnd um þetta mál.

Fylgiskjal 1.

Samþykkt nr. 154 um eflingu sameiginlegra samningsgerða.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 67. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1981 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, staðfestir á ný ákvæði Philadelfiuyfirlýsingarinnar, sem viðurkennir „þá heilögu skyldu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að styðja meðal þjóða heims stefnumál sem miða að því ... að viðurkenndur sé á virkan hátt rétturinn til sameiginlegrar samningsgerðar“ og gefur því gaum að þessi meginregla „tekur að fullu til allra manna alls staðar“,

tekur tillit til sérstaks mikilvægis alþjóðlegra ákvæða sem er að finna í samþykkt um félagafrelsi og verndun þess, 1948, samþykkt um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949, tillögu um sameiginlega samninga 1951, tillögu um frjálsar sættir og

gerðir 1951, samþykkt og tillögu um samskipti atvinnurekenda og launþega í opinberri þjónustu 1978 og samþykkt og tillögu um stjórn vinnumála 1978,

telur æskilegt að gera meira átak til þess að ná markmiðum þessara ákvæða og sér í lagi hinna almennu reglna, sem birtast í 4. grein samþykktarinnar um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949 og 1. grein tillögunnar um sameiginlega samninga 1951,

Telur því að bæta ætti upp þessi ákvæði með viðeigandi aðgerðum sem byggjast á þeim og miða að því að efla frjálsa sameiginlega samningsgerð,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi eflingu sameiginlegra samningsgerða, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag, 19. júní 1981 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um sameiginlega samningsgerð, 1981:

I. HLUTI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1. Þessi samþykkt tekur til allra greina atvinnulífsins.
2. Með landslögum eða reglugerðum eða samkvæmt landsvenju má ákveða að hve miklu leyti réttindi þau sem kveðið er á um í þessari samþykkt, taki til hers og lögreglu.
3. Með landslögum eða reglugerðum eða samkvæmt landsvenju má setja sérstakar reglur um framkvæmd þessarar samþykktar að því er varðar opinbera starfsmenn.

2. gr.

Í þessari samþykkt tekur hugtakið „sameiginleg samningsgerð" til allra samninga sem fram fara milli atvinnurekanda, hóps atvinnurekenda, eða eins og fleiri atvinnurekendafélaga annars vegar og eins eða fleiri verkalýðsfélaga hins vegar, sem

a) kveða á um vinnuskilyrði og ráðningakjör, og/eða
b) fjalla um samskipti atvinnurekenda og verkafólks, og/eða
c) fjalla um samskipti atvinnurekenda eða samtaka þeirra og verkalýðsfélags eða verkalýðsfélaga.

3. gr.

1. Nú eru fulltrúar verkamanna svo sem þeir eru skilgreindir í 3. gr. b. í Samþykktinni um fulltrúa verkamanna frá 1971, viðurkenndir samkvæmt lögum eða landsvenju og má þá með lögum eða samkvæmt landsvenju kveða á um að hve miklu leyti hugtakið „sameiginleg samningsgerð" skuli að því er tekur til þessarar samþykktar einnig taka til samninga við þessa fulltrúa.
2. Nú tekur hugtakið „sameiginleg samningsgerð" samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar einnig til samninga við fulltrúa verkamanna sem um getur í þeirri málsgrein og skal þá gera viðeigandi ráðstafanir hvar sem þess gerist þörf til tryggingar því að tilvist þessara fulltrúa sé ekki notuð til þess að grafa undan stöðu hlutaðeigandi verkalýðsfélaga.

II. HLUTI
Framkvæmdahættir.

4. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar skal gefa gildi með landslögum eða reglugerðum að svo miklu leyti sem það er ekki gert með sameiginlegum samningum, gerðardómum eða á annan þann hátt sem samrýmist landsvenju.

III. HLUTI
Efling sameiginlegra samningsgerða.

5. gr.

1. Ráðstafanir, sem hæfa aðstæðum í landinu, skulu gerðar til þess að efla sameiginlega samningsgerð.
2. Markmið þeirra ráðstafana, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar skulu vera þessar:

a) gera ætti sameiginlega samningsgerð mögulega fyrir alla atvinnurekendur og alla flokka verkamanna í þeim greinum atvinnulífs, sem samþykkt þessi tekur til;
b) sameiginlega samningsgerð ætti að auka stig af stigi svo hún taki til allra þeirra atriða, sem um getur í stafliðum a, b og c í 2. grein þessarar samþykktar;
c) hvetja ætti til þess að settar séu starfsreglur, sem samtök atvinnurekenda og verkamanna verða ásátt um;
d) sameiginleg samningsgerð ætti ekki að tefjast vegna vöntunar á starfsreglum eða vegna þess að slíkar reglur eru ófullnægjandi eða óhentugar;
e) stofnanir og starfshætti í sambandi við lausn vinnudeilna ætti að gera þannig úr garði að stuðlað sé að eflingu sameiginlegrar samningsgerðar.

6. gr.

Ákvæði þessarar samþykktar eru því ekki til fyrirstöðu að viðhafðir séu þeir hættir á samskiptum atvinnurekenda og verkamanna að sameiginlegar samningsgerðir fari fram innan ramma stofnana sáttasemjara og/eða gerðardóma þar sem aðilar að sameiginlegum samningsgerðum taka þátt í af frjálsum vilja.

7. gr.

Aðgerðir stjórnvalda til þess að stuðla að og efla þróun sameiginlegra samningsgerða skulu framkvæmdar að undangengnu samráði og, ef mögulegt er, samkomulagi milli stjórnvalda og samtaka atvinnurekenda og verkamanna.

8. gr.

Ráðstafanir, sem gerðar eru í því skyni að efla sameiginlegar samningsgerðir skulu ekki vera þannig hugsaðar eða framkvæmdar að þær hefti frelsið til sameiginlegra samningsgerða.

IV. HLUTI
Lokaákvæði.

9. gr.

Þessi samþykkt breytir engri samþykkt né tillögu sem fyrir er.

10. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

11. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðilarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

12. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabils, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

13. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegr forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

14. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskriftofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

15. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

16. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg,
Þá skal:
   a) fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæði 12. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist:
   b) aðildarríkjum ekki heimilt aðfullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður,halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

17. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt nr. 155 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 67. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1981 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, sem er sjötta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag 22. júní 1981 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu, 1981:

I. KAFLI.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1. Þessi samþykkt tekur til allra atvinnugreina.

2. Að höfðu samráði, svo snemma sem verða má, við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og starfsmanna getur aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, undanskilið framkvæmd hennar að nokkru eða öllu leyti einstakar atvinnugreinar svo sem siglingar eða fiskveiðar, þar sem slík framkvæmd er sérstökum vandkvæðum bundin.

3. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal í fyrstu skýrslu um framkvæmd hennar, sem gefin er samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skrá þær atvinnugreinar, sem kunna að hafa verið undanskildar í samræmi við 2. málsgrein þessarar greinar og skýra frá ástæðum fyrir því. Ennfremur skulu þau lýsa þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að veita starfsmönnum í undanskildum greinum nægilega vernd og í síðari skýrslum skal skýra frá þeirri þróun, sem orðið hefur í átt til víðtækari framkvæmda.

2. gr.

1. Samþykkt þessi gildir um alla starfsmenn í þeim atvinnugreinum, sem hún tekur til.

2. Að höfðu samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og starfsmanna, sem eigi sér stað svo snemma sem við verður komið, getur aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, undanskilið framkvæmd hennar að nokkru eða öllu leyti takmarkaða flokka starfsmanna vegna sérstakra annmarka varðandi þá.

3. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt skal í fyrstu skýrslu um framkvæmd hennar sem gefin er samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, tilgreina sérhvern takmarkaðan flokk starfsmanna, sem kann að hafa verið undanskilinn samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar. Gera skal það grein fyrir ástæðum slíkra undanþága og í síðari skýrslum skal það skýra frá hverri þeirri framför sem orðið hefur til víðtækari framkvæmda samþykktarinnar.

3. gr.

Í þessari samþykkt:

a. tekur orðið „atvinnugreinar“ til allra greina, sem starfsmenn vinna í, þar með talin opinber þjónusta;
b. tekur orðið „starfsmenn“ til allra sem eru í atvinnu þar með taldar opinberir starfsmenn;
c. tekur orðið „vinnustaður“ til allra staða sem starfsmenn þurfa að vera á eða fara til vegna vinnu sinnar og eru undir beinni eða óbeinni stjórn atvinnurekandans;

d. tekur orðið „reglugerðir“ til allra ákvæða, sem hlutaðeigandi stjórnvald eða stjórnvöld hafa veitt lagagildi;
e. táknar orðið „heilbrigði“ í sambandi við vinnu ekki einungis að ekki sé um að ræða sjúkdóma eða veikindi. Það tekur einnig til líkamlegra og sálrænna þátta, sem áhrif hafa á heilsu manna og beinlínis tengjast öryggi og heilbrigði við vinnu.

II. KAFLI
Meginreglur í stefnuskrá.

4. gr.

1. Með tilliti til aðstæðna og venju í landinu og í samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og starfsmanna, skal sérhvert aðildarríki semja og framkvæma samfellda stefnuskrá varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi og endurskoða hana á vissum fresti.

2. Markmið stefnuskrárinnar skal vera að koma í veg fyrir slys og heilsutjón, sem orsakast af eða er í tengslum við vinnu eða verður meðan hún fer fram með því svo sem með góðu móti er unnt að draga úr orsökum þeirrar hættu sem vinnuumhverfinu fylgir.

5. gr.

Í stefnuskrá þeirri, sem um ræðir í 4. grein þessarar samþykktar, skal taka tillit til eftirfarandi aðalstarfsþátta að svo miklu leyti sem þeir snerta öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi:

a. hönnun, prófun, val, umskipti, uppsetning, skipan, notkun og viðhald efnislegra aðalþátta í sambandi við vinnu (vinnustaðir, starfsumhverfi, áhöld, vélar og búnaður, efnafræðileg, eðlisfræðileg og líffræðileg efni og tæki, starfsaðferðir);
b. samband milli efnislegra þátta í sambandi við vinnu og þeirra manna, sem inna starfið af höndum eða annast eftirlit með því og aðhæfingu véla, búnaðar, vinnutíma, skipulag vinnu og starfsaðferða að líkamlegri og andlegri getu starfsmannanna;
c. þjálfun, þar með talin nauðsynleg framhaldsþjálfun, hæfileikar og hvatning manna, sem á einn eða annan hátt eiga þátt í því að koma öryggi og heilbrigði á nægilega hátt stig;
d. samband og samvinna er miðist við starfshóp og fyrirtæki og hvaða önnur viðeigandi mörk sem er, allt til þess að ná til landsins alls;
e. vernd starfsmanna og fulltrúa þeirra gegn ögun fyrir það sem þeir hafa réttilega gert í samræmi við þá stefnuskrá sem um getur í 4. grein þessarar samþykktar.

6. gr.

Í stefnuskrá þeirri, sem um getur í 4. grein þessarar samþykktar skal tilgreina hlutverk og ábyrgð stjórnvalda, atvinnurekenda, starfsmanna og annarra, hverra fyrir sig, varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi. Skal það gert með tilliti til aðstæðna og venju í landinu og einnig þess að slík ábyrgð skarast.

7. gr.

Ástand mála varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi skal endurskoða á hæfilegum fresti annaðhvort í heild eða á sérstökum sviðum í því skyni að greina aðalvandamál, finna raunhæf ráð til þess að leysa þau og hvaða aðgerðir skuli hafa forgang svo og að meta árangurinn.

III. KAFLI

Aðgerðir innanlands.

8. gr.

Sérhvert aðildarríki skal með lögum eða reglugerðum eða hverjum þeim ráðum öðrum sem samrýmast aðstæðum og venju í landinu og í samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og starfsmanna gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að gefa 4. grein þessarar samþykktar gildi.

9. gr.

1. Framkvæmd laga og reglugerða varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi skal tryggja með viðeigandi eftirliti.

2. Í sambandi við framkvæmdina skal kveðið á um hæfileg viðurlög við brotum á lögum og reglugerðum.

10. gr.

Ráðstafanir skulu gerðar til þess að veita atvinnurekendum og starfsmönnum leiðsögn í því skyni að hjálpa þeim til að fullnægja lagaskyldum.

11. gr.

Til þess að framfylgja þeirri stefnuskrá, sem um getur í 4. grein þessarar samþykktar, skulu stjórnvöld tryggja það að eftirfarandi ætlunarverk séu framkvæmd stig af stigi:

a. að þar sem eðli hættunnar og hættustig krefst þess, séu sett skilyrði um hönnun, byggingu og teiknun vinnustaða, upphaf framkvæmda, meiri háttar breytingar, sem snerta þá og breytingar á tilgangi þeirra, öryggi tæknibúnaðar, sem notaður er við vinnu svo og starfshættir, sem hlutaðeigandi stjórnvöld mæla fyrir um;
b. ákvörðun um það hvaða vinnsluaðferðir, efni og efnahvatar eru þess eðlis að koma ætti í veg fyrir skaðleg áhrif þeirra með banni, takmörkun eða skilyrði um leyfisveitingu hlutaðeigandi stjórnvalds eða stjórnvalda. Hætta á heilsutjóni, sem stafar frá fleiri efnum samtímis skal tekin til athugunar;
c. setja skal og framkvæma reglur um það hvernig atvinnurekendur og þar sem það á við tryggingastofnanir og aðrir sem beinlínis eiga hlut að máli, skuli tilkynna vinnuslys og atvinnusjúkdóma og hvernig árlegar skýrslur um vinnuslys og atvinnusjúkdóma skuli úr garði gerðar;
d. að framkvæma rannsókn þegar vinnuslys, atvinnusjúkdómur eða hvert annað heilsutjón, sem verður við vinnu eða í sambandi við hana, virðist benda til hættulegra aðstæðna;
e. árleg útgáfa upplýsinga um aðgerðir í samræmi við þá stefnuskrá, sem um getur í 4. grein þessarar samþykktar svo og um vinnuslys, atvinnusjúkdóma og annað heilsutjón, sem verður við vinnu eða í sambandi við hana;
f. að innleiða eða efla kerfi í samræmi við aðstæður og möguleika í landinu til þess að rannsaka efnafræðileg, eðlisfræðileg og líffræðileg efni með tilliti til hættu á heilsutjóni fyrir verkamenn.

12. gr.

Í samræmi við landslög og landsvenju skal gera ráðstafanir í því skyni að tryggja það að þeir, sem hanna, framleiða, flytja inn, útvega eða flytja vélar, búnað eða efni til notkunar í atvinnu:

a. gangi úr skugga um það, eftir því sem við verður komið, að vélar, búnaður eða efni hafi ekki í för með sér hættu fyrir heilbrigði og öryggi þeirra sem það nota á réttan hátt;

b. hafi til reiðu upplýsingar um rétta uppsetningu og notkun véla og búnaðar og rétta notkun efna, enn fremur upplýsingar um hættu frá vélum og búnaði og hættulega eiginleika efnafræðilegra, eðlisfræðilegra og líffræðilegra efna eða framleiðslu og jafnframt leiðbeiningar um hvernig varast megi þekktar hættur.
c. annist kannanir og rannsóknir eða fylgist á annan hátt með vísindalegri og tæknilegri þekkingu, sem nauðsynleg er til þess að fullnægja stafliðum a. og b. í þessari grein.

13. gr.

Starfsmaður, sem farið hefur úr vinnu, sem hann hefur gilda ástæðu til að ætla að hafi í för með sér yfirvofandi alvarlega hættu fyrir líf hans og heilbrigði, skal njóta verndar fyrir óréttmætum afleiðingum í samræmi við aðstæður og venju í landinu.

14. gr.

Á þann hátt sem hæfir aðstæðum og venju í landinu skal gera ráðstafanir með það fyrir augum að stuðla að því að atriði varðandi heilbrigði og öryggi á vinnustöðum og vinnuumhverfi verði felld inn í öll stig menntunar og þjálfunar, þar á meðal æðri tæknilegrar, læknisfræðilegrar og starfslegrar menntunar, á þann hátt sem hæfir þörf allra starfsmanna fyrir þjálfun.

15. gr.

1. Í því skyni að tryggja samræmi milli þeirrar stefnuskrár sem um getur í 4. grein þessarar samþykktar og framkvæmdar hennar, skal sérhvert aðildarríki, að höfðu samráði svo snemma sem við verður komið við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna, svo og aðra aðila eftir því sem við á, gera ráðstafanir, er hæfa aðstæðum og venju í landinu, til þess að tryggja nauðsynlegt samræmi milli hinna ýmsu stjórnvalda og aðila, sem falið er að framfylgja ákvæðum II. og III. kafla þessarar samþykktar.

2. Þessar ráðstafanir skulu fela það í sér að sett sé á fót miðstjórn, hvenær sem þörf krefur og aðstæður og venjur leyfa.

IV. KAFLI

Aðgerðir innan fyrirtækja.

16. gr.

1. Atvinnurekendum skal skylt að tryggja það, eftir því sem við verður komið að vinnustaðir, vélar, búnaður og framleiðsla, sem er undir umsjá þeirra sé öruggt og hættulaust heilbrigði manna.

2. Atvinnurekendum skal skylt að tryggja það, eftir því sem við verður komið að efnafræðileg, eðlisfræðileg og líffræðileg efni og efnahvatar undir umsjá þeirra séu hættulaus heilbrigði manna þegar viðeigandi varnarráðstafanir eru gerðar.

3. Þar sem þess gerist þörf skal atvinnurekendum skylt að leggja til viðeigandi hlífðarfatnað og varnarbúnað til þess að verjast, svo sem við verður komið slysahættu og skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna.

17. gr.

Hvenær sem tvö eða fleiri fyrirtæki annast samtímis starfsemi á sama vinnustað skulu þau starfa saman að því að framfylgja ákvæðum þessarar samþykktar.

18. gr.

Þar sem þess gerist þörf skal atvinnurekendum skylt að annast aðgerðir gegn neyðartilvikum og slysum þar á meðal skyndihjálp.

19. gr.

Innan fyrirtækja skal málum þannig skipað:

a. að í störfum sínum vinni starfsmenn með atvinnurekendanum að því að uppfylla þær skyldur sem á hann eru lagðar;
b. að fulltrúar starfsmanna í fyrirtækinu starfi með atvinnurekandanum að öryggi og heilbrigði við vinnu;
c. að fulltrúum starfsmanna í fyrirtæki séu gefnar nægar upplýsingar um aðgerðir atvinnurekandans til þess að tryggja öryggi og heilbrigði við vinnu og að þeir geti ráðfært sig við samtök sín um slíkar upplýsingar að því tilskildu að þeir ljóstri ekki upp viðskiptaleyndarmálum;
d. að starfsmönnum og fulltrúum þeirra í fyrirtækinu sé veitt nægileg fræðsla um öryggi og heilbrigði við vinnu;
e. að starfsmönnum eða fulltrúum þeirra og eftir atvikum samtökum þeirra innan fyrirtækis sé í samræmi við landslög og venju gert kleift að kanna allar hliðar öryggis- og heilbrigðismála í sambandi við störf þeirra og að atvinnurekandinn hafi þessa aðila með í ráðum. Í þessu skyni má með gagnkvæmu samkomulagi fá til tæknilega ráðgjafa utan fyrirtækisins;
f. að starfsmaður skýri næsta yfirmanni sínum þegar í stað frá hverju því ástandi sem hann hefur gilda ástæðu til að ætla að feli í sér yfirvofandi alvarlega hættu fyrir líf sitt eða heilsu. Fyrr en atvinnurekandinn hefur hafist handa um úrbætur ef þær eru nauðsynlegar, getur hann ekki krafist þess að verkamenn hverfi aftur til vinnuaðstæðna, sem fela í sér stöðuga yfirvofandi og alvarlega hættu fyrir líf eða heilsu.

20. gr.

Samstarf milli stjórnenda og starfsmanna og/eða fulltrúa þeirra í fyrirtækinu skal vera höfuðatriði í skipulagslegum og öðrum aðgerðum sem gerðar eru í samræmi við 16. — 19. grein þessarar samþykktar.

21. gr.

Öryggis- og heilbrigðisráðstafanir í sambandi við vinnu skulu ekki hafa í för með sér neinn kostnað fyrir verkamennina.

V. KAFLI

Lokaákvæði.

22. gr.

Samþykkt þessi breytir engri alþjóðlegri vinnumálasamþykkt né tillögu.

23. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

24. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

25. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

26. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

27. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkv. 102 gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

28. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrri allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

29. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæði 25. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
b. aðildarríkjum er ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

30. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal III.

Samþykkt nr. 156 um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 67. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1981 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

gefur gaum að Philadelfíuyfirlýsingunni um hlutverk og markmið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem staðfestir að „allir menn hafi, án tillits til kynþáttar, trúar eða kynferðis, rétt til að vinna að efnahagslegri velsæld sinni og andlegum þroska, frjálsir, á mannsæmandi hátt, við efnahagslegt öryggi og jafnréttisaðstöðu",

gefur gaum að orðum yfirlýsingarinnar um sömu möguleika og jafnrétti til handa vinnandi konum og ályktunarinnar um fyrirhugaðar aðgerðir til þess að stuðla að jöfnum möguleikum og jafnrétti starfandi kvenna, sem gerð var á Alþjóðavinnumálaþinginu 1975,

gefur gaum að ákvæðum alþjóðlegra vinnumálasamþykkta og tillagna, sem miða að því að tryggja sömu möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnulífinu sér í lagi samþykkt og tillögu um sömu laun frá 1951, samþykkt og tillögu um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs frá 1958 og VIII. kafla tillögu um þróun mannafla frá 1975,

minnist þess að samþykktin um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs frá 1958 tekur ekki ótvírætt til aðgreiningar vegna fjölskylduábyrgðar og telur að nauðsynlegt sé að setja reglur til viðbótar á þessu sviði,

gefur gaum að ákvæðum í tillögu frá 1965 um atvinnu kvenna með fjölskylduábyrgð og hugleiðir þær breytingar sem orðið hafa síðan hún var gerð,

gefur gaum að því að gjörningar um sömu möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum hafa einnig verið gerðir af Sameinuðu þjóðunum og öðrum sérstofnunum og minnist sérstaklega fjórtándu greinar í formála samþykktar Sameinuðu þjóðanna frá 1979 um afnám hvers konar mismununar gagnvart konum, en þar segir að aðildarríkjum „sé ljóst að breytinga á hefðbundnu hlutverki karla jafnt og kvenna í samfélaginu og fjölskyldunni sé þörf til þess að náð verði fullu jafnrétti karla og kvenna",

viðurkennir að vandamál starfsfólks með fjölskylduábyrgð séu þættir víðtækara máls varðandi fjölskylduna og samfélagið, sem taka ber tillit til í stjórnarháttum ríkja;

viðurkennir þörfina á því að koma á í raun jöfnum möguleikum og jafnrétti vinnandi karla og kvenna með fjölskylduábyrgð og milli slíks starfsfólks og annars starfsfólks,

telur að mörg þeirra vandamála, sem allir starfsmenn hafa við að glíma bitni meira á starfsmönnum með fjölskylduábyrgð og viðurkennir þörfina til þess að bæta aðstöðu þeirra bæði með aðgerðum sem svara sérstökum þörfum þeirra og aðgerðum sem miða að því að bæta aðstöðu starfsfólks almennt.,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi sömu möguleika og jafnrétti til hand vinnandi körlum og konum, starfsfólki með fjölskylduábyrgð, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag, 23. júní 1981, eftirfarandi samþykkt sem nefnist Samþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, 1981:

1. gr.

1. Þessi samþykkt tekur til vinnandi karla og kvenna, sem hafa skyldum að gegna gangvart eigin börnum á þeirra framfæri, þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra til undirbúnings, þátttöku eða frama í atvinnulífinu.
2. Ákvæði þessarar samþykktar skulu einnig taka til vinnandi karla og kvenna, sem hafa skyldum að gegna gagnvart öðrum nánum vandamönnum, sem greinilega þarfnast

umönnunar þeirra eða forsjár, þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra til undirbúnings, þátttöku eða frama í atvinnulífinu.

3. Í þessari samþykkt merkja orðin „barn á framfæri" og „öðrum nánum vandamönnum, sem greinilega þarfnast umönnunar eða forsjár" þær manneskjur, sem þannig eru skilgreindar í hverju landi með einhverjum þeim hætti sem um getur í 9. grein þessarar samþykktar.
4. Þeir starfsmenn, sem 1. og 2. málsgrein þessarar greinar taka til, eru hér á eftir nefndir „starfsmenn með fjölskylduábyrgð".

2. gr.

Þessi samþykkt tekur til allra greina atvinnulífsins og allra flokka starfsmanna.

3. gr.

1. Með það fyrir augum að koma á í raun jöfnum möguleikum og jafnrétti til handa vinnandi körlum og konum skal sérhvert aðildarríki setja það markmið í stjórnarstefnu sinni að auðvelda fólki með fjölskylduábyrgð, sem er í atvinnu eða óskar að vera það, að framfylgja rétti sínum til þess án þess að verða fyrir mismunun og að svo miklu leyti sem því er mögulegt, án árekstra milli atvinnu þess og fjölskylduábyrgðar.

2. Að því er varðar 1. málsgrein þessarar greinar merkir orðið „mismunun" mismunun í atvinnu og starfi eins og það er skilgreint í 1. og 5. grein samþykktar um mismunun í atvinnu og starfi, 1958.

4. gr.

Með það fyrir augum að koma á í raun jöfnum möguleikum og jafnrétti til handa vinnandi körlum og konum skulu allar þær ráðstafanir, sem samræmast aðstæðum og möguleikum í landinu gerðar til þess:

a. að gera starfsmönnum með fjölskylduábyrgð mögulegt að hagnýta rétt sinn til frjáls vals atvinnu; og
b. að taka tillit til þarfa þeirra að því er varðar kjör, vinnuskilyrði og félagslegt öryggi.

5. gr.

Allar þær ráðstafanir, sem samræmast aðstæðum og möguleikum í landinu, skulu ennfremur gerðar:

a. til þess að taka tillit til þarfa starfsfólks með fjölskylduábyrgð í skipulagningu sveitarfélagsins;
b. til þess að þróa eða styrkja þjónustu á vegum hins opinbera eða einkaaðila í sveitarfélaginu svo sem barnagæslu og fjölskylduhjálp.

6. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld og stofnanir í hverju landi skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að stuðla að upplýsingum og fræðslu sem leiði til víðtækara almenns skilnings á meginreglunni um sömu möguleika og jafnrétti til handa vinnandi körlum og konum og á vandamálum starfsfólks með fjölskylduábyrgð, og skapi það almenningsálit, sem leiði til þess að unninn verði bugur á þessum vandamálum.

7. gr.

Allar þær ráðstafanir, sem samræmast aðstæðum og möguleikum í landinu, þar á meðal ráðstafanir á sviði starfsfræðslu og þjálfunar, skulu gerðar til þess að gera starfsmönnum með fjölskylduábyrgð kleift að hefja og halda áfram þátttöku í atvinnulífinu, svo og að koma á vinnumarkaðinn á ný eftir fjarveru vegna þessarar ábyrgðar.

8. gr.

Fjölskylduábyrgð sem slík skal ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs.

9. gr.

Ákvæðum þessarar samþykktar má framfylgja með lögum eða reglugerðum, kjarasamningum, starfsreglum, gerðardómum, dómsúrskurðum eða þessum aðferðum sameiginlega, eða með hverjum þeim hætti öðrum sem er í samræmi við landsvenju, sem við kann að eiga, enda sé tekið tillit til aðstæðna í landinu.

10. gr.

1. Ákvæði þessarar samþykktar má framkvæma í áföngum ef nauðsyn ber til með tilliti til aðstæðna í landinu. Slíkar framkvæmdir skulu þó jafnan taka til allra þeirra starfsmanna, sem 1. málsgrein 1. greinar tekur til.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar, sem gefin er samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, greina hvort og þá að hve miklu leyti það hyggst nýta sér þann möguleika, sem veittur er í 1. málsgrein þessarar greinar og í síðari skýrslum skal það greina að hve miklu leyti samþykktinni er veitt gildi eða fyrirhugað er að veita henni gildi í þessu efni.

11. gr.

Á þann hátt, sem samrýmist aðstæðum og venju í landinu, skulu samtök atvinnurekenda og starfsmanna hafa rétt til þátttöku í mótun og framkvæmd aðgerða sem miða að því að framfylgja ákvæðum þessarar samþykktar.

12. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

13. gr.

1. Þessi samþykkt er einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið forstjórann skrásetja fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að forstjórinn hefur skrásett fullgildingar tveggja aðildarríkja.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skrásett.

14. gr.

1. Aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa og notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsetningar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

15. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

16. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar í samræmi við 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

17. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar í heild eða að hluta.

18. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 14. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerðist;
   b. aðildarríkjum er ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt er gengin í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

19. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal IV.

Tillaga nr. 163 um eflingu sameiginlegra samningsgerða.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 67. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1981 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi eflingu sameiginlegra samningsgerða, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu, sem sé viðauki við Samþykkt um eflingu sameiginlegra samningsgerða, 1981, gerir það í dag 19. júní 1981 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um sameiginlegar samningsgerðir, 1981:

I. Framkvæmdahættir.

1. Reglunum í þessari tillögu má framfylgja með lögum eða reglugerðum, kjarasamningum, gerðardómum eða hverjum þeim hætti öðrum, sem samrýmist landsvenju.

II. Aðferðir til eflingar sameiginlegra samningsgerða.

2. Að svo miklu leyti sem þörf krefur ætti að gera ráðstafanir, er hæfi aðstæðum í landinu, til þess að greiða fyrir stofnun og viðgangi frjálsra og sjálfstæðra félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna, er byggist á eigin frumkvæði þeirra og séu í fyrirsvari fyrir aðila.

3. Eftir því sem við á og nauðsynlegt er ætti að gera ráðstafanir sem hæfa aðstæðum í landinu, til þess:

a) að umboðshæf félög atvinnurekenda og verkamanna séu viðurkennd sem samningsaðilar við sameiginlegar samningsgerðir;

b) að í löndum þar sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa sérstakan hátt á ákvörðun um það hvaða félögum skuli veita rétt til sameiginlegra samningsgerða, sé slík ákvörðun byggð á fyrirfram gerðum hlutlægum mælikvarða með tilliti til eðlis samtakanna sem umboðsaðila og settum í samráði við félög atvinnurekenda og verkamanna.

4. (1) Ef nauðsyn krefur ætti að gera ráðstafanir, sem hæfa aðstæðum í landinu, til þess að sameiginlegar samningsgerðir séu mögulegar innan hvaða marka sem er, þar á meðal að þær taki til stofnunar, fyrirtækis, starfsgreinar, atvinnugreinar, landshluta eða landsins alls.

(2) Í löndum þar sem sameiginlegar samningsgerðir fara fram innan ýmissa marka ættu samningsaðilar að leitast við að tryggja samræmi milli þeirra.

5. (1) Aðilar að sameiginlegum samningsgerðum ættu að gera ráðstafanir til þess að samningamenn þeirra á öllum stigum eigi kost á viðeigandi þjálfun.

(2) Opinber stjórnvöld geta veitt félögum atvinnurekenda og verkamanna aðstoð við slíka þjálfun ef þau óska.

(3) Efni starfsskrár fyrir slíka þjálfun og eftirlit með henni ættu hlutaðeigandi félög atvinnurekenda og verkamanna að ákvarða.

(4) Slík þjálfun ætti ekki að skerða rétt félaga atvinnurekenda og verkamanna til þess að velja eigin fyrirsvarsmenn við sameiginlegar samningsgerðir.

6. Aðilar að sameiginlegum samningsgerðum ættu að veita samningamönnum sínum nauðsynleg umboð til þess að annast samninga og ljúka þeim með fyrirvara um samráð við sín félög.

7. (1) Ef nauðsyn krefur ætti að gera ráðstafanir, sem hæfa aðstæðum í landinu, til þess að aðilar hafi aðgang að upplýsingum, sem nauðsynlegar eru við ábyrga samningsgerð.

(2) Í þessu skyni:

a. ættu atvinnurekendur, bæði í opinberum rekstri og einkarekstri, að beiðni verkalýðsfélaga að láta í té þær upplýsingar um efnahagslega og félagslega stöðu þeirrar einingar sem samningar taka til og fyrirtækisins í heild svo sem nauðsynlegt er við ábyrgar samningsgerðir. Nú gæti birting einhverra þessara upplýsinga verið skaðleg fyrir fyrirtækið og má þá setja skilyrði fyrir afhendingu þeirra, að með þær verði farið sem trúnaðarmál að því marki sem þörf krefur. Aðilar að sameiginlegri samningsgerð gætu komið sér saman um hvaða upplýsingar skuli lagðar fram,

b. ættu opinber stjórnvöld að láta í té nauðsynlegar upplýsingar um efnahagslega og félagslega stöðu þjóðarinnar í heild og innan viðkomandi atvinnugreinar að svo miklu leyti sem birting þessara upplýsinga er ekki skaðleg hagsmunum þjóðarinnar.

8. Ef nauðsyn krefur ætti að gera ráðstafanir, sem hæfa aðstæðum í landinu, til þess að skipan mála til lausnar á vinnudeilum stuðli að því að aðilar geti leyst deiluna sjálfir, hvort sem um er að ræða deilu sem risið hefur meðan á samningaviðræðum stóð, deilu um túlkun eða framkvæmd samninga eða deilu sem Tillaga um meðferð á kærum 1967, tekur til.

III. Lokaákvæði.

9. Þessi tillaga breytir engri fyrri tillögu.

Fylgiskjal V.

Tillaga nr. 164 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 67. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1981 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, sem er sjötta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu til viðbótar Samþykkt um öryggi og heilbrigði við vinnu, 1981, gerir það í dag 22. júní 1981 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um öryggi og heilbrigði við vinnu, 1981:

I. Gildissvið og skilgreiningar.

1. (1) Að svo miklu leyti sem það er mögulega unnt ættu ákvæði Samþykktarinnar um öryggi og heilbrigði við vinnu, 1981 (hér á eftir nefnd „samþykktin") og þessarar tillögu að taka til allra atvinnugreina og allra flokka starfsmanna.

(2) Gera ætti þær ráðstafanir, sem kunna að vera nauðsynlegar og mögulegar til þess að veita mönnum, sem hjá sjálfum sér vinna, vernd hliðstæða þeirri sem um ræðir í samþykktinni og þessari tillögu.

2. Í þessari tillögu:

a. tekur orðið „atvinnugreinar" til allra greina, sem starfsmenn vinna í, þar með talin opinber þjónusta;
b. tekur orðið „starfsmenn" til allra sem eru í atvinnu þar með taldir opinberir starfsmenn;
c. tekur orðið „vinnustaður" til allra staða, sem starfsmenn þurfa að vera á eða fara til vegna vinnu sinnar og eru undir beinni eða óbeinni stjórn atvinnurekandans;
d. tekur orðið „reglugerðir" til allra ákvæða, sem hlutaðeigandi stjórnvald eða stjórnvöld hafa veitt lagagildi;
e. táknar orðið „heilbrigði" í sambandi við vinnu ekki einungis að ekki sé um að ræða sjúkdóma eða veikindi. Það tekur einnig til líkamlegra og sálrænna þátta, sem áhrif hafa á heilsu manna og beinlínis tengjast öryggi og heilbrigði við vinnu.

II. Tæknileg athafnasvið.

3. Eftir því sem hæfir ólíkum atvinnugreinum og ólíkum störfum og með tilliti til þeirrar meginstefnu að stemma stigu við hættum þegar í upphafi, ætti að gera ráðstafanir í samræmi við þá stefnuskrá sem um getur í 4. grein samþykktarinnar, sér í lagi á eftirgreindum sviðum:

a. hönnun, staðsetning, byggingarlag, uppsetning, viðhald, endurbætur og breytingar á vinnustöðum, aðgang að þeim og útgang frá þeim;
b. lýsing, loftræsting, regla og hreinlæti á vinnustöðum;
c. hiti, raki og loftræsting á vinnustað;
d. hönnun, bygging, notkun, viðhald, prófun og eftirlit véla og búnaðar, sem hætta getur stafað af, svo og samþykki fyrir þeim og flutningur þeirra;
e. varnir gegn skaðlegri líkamlegri eða andlegri streitu af völdum vinnuskilyrða;
f. meðhöndlun, stöflun og setning vara og efna í geymslu með handafli eða vélarafli;
g. rafmagnsnotkun;
h. framleiðsla, pökkun, merking, flutningur, geymsla og notkun hættulegra efna og efnahvata, aðferðir til að losna við úrgang og afganga þeirra, svo og eftir því sem við á setning annarra efna eða efnahvata í þeirra stað, sem ekki eru hættuleg eða hættuminni;
i. vernd gegn geislun;
j. varnir gegn og stjórnun á hættum í vinnu frá hávaða og titringi og vernd gegn þeim;

k. stjórnun á andrúmslofti og öðrum umhverfisþáttum á vinnustöðum;
l. varnir gegn og stjórnun á hættum, er stafa af háum eða lágum loftþrýstingi;
m. varnir gegn eldi og sprengingum og ráðstafanir, sem gera ber af eldsvoði eða sprenging verður;
n. hönnun, framleiðsla, afhending, notkun, viðhald og prófun persónulegs varnarbúnaðar og hlífðarfatnaðar;
o. hreinlætisbúnaður, þvottaaðstaða, aðstaða til að skipta um og geyma fatnað, útvegun drykkjarvatns og hvers konar önnur þægindi í sambandi við öryggi og heilbrigði við vinnu;
p. skyndihjálp;
q. gerð neyðaráætlana;
r. eftirlit með heilbrigði starfsmanna.

III. Aðgerðir innanlands.

4. Með það fyrir augum að framfylgja stefnuskrá þeirri, sem um getur í 4. grein samþykktarinnar og með tilliti til þeirra tæknilegu athafnasviða sem talin eru í 3. grein þessarar tillögu, ættu hlutaðeigandi stjórnvald eða stjórnvöld í hverju landi:

a. að setja eða samþykkja reglugerðir, starfsreglur eða önnur viðeigandi ákvæði um öryggi og heilbrigði við vinnu og um starfsumhverfi, og sé þá tekið tillit til þeirra tengsla sem eru milli öryggis og heilbrigði annars vegar og vinnutíma og hvíldarstunda hins vegar;
b. að endurskoða við og við lagaákvæði varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, svo og ákvæði sem sett hafa verið eða samþykkt í samræmi við staflið a. í þessari grein, og sé sú endurskoðun gerð í ljósi reynslu og framfara í vísindum og tækni;
c. að framkvæma eða styðja athuganir og rannsóknir í því skyni að greina hættur og finna ráð til þess að vinna bug á þeim;
d. að veita atvinnurekendum og starfsmönnum upplýsingar og leiðbeiningar með viðeigandi hætti og stuðla að eða greiða fyrir samvinnu milli þeirra og samtaka þeirra, með það fyrir augum að útiloka hættur eða draga úr þeim svo sem unnt er. Þar sem það á við ætti að sjá farandverkamönnum fyrir sérstökum námskeiðum á þeirra eigin móðurmáli;
e. að gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir stórslys og að samræma og tengja saman þær aðgerðir sem gera ber á mismunandi stigum, sér í lagi á iðnaðarsvæðum þar sem staðsett eru fyrirtæki sem hafa í för með sér mikla hættu fyrir starfsmenn og fólk í nágrenninu;
f. að tryggja gott samband við Alþjóðlega aðvörunarkerfið fyrir öryggi og heilbrigði við vinnu, sem sett er á fót innan ramma Alþjóðavinnumálastofnunarinnar;
g. að sjá fyrir viðeigandi ráðstöfunum vegna fatlaðra starfsmanna.

5. Það eftirlit, sem mælt er fyrir um í 1. málsgrein 9. greinar samþykktarinnar ætti að fara eftir ákvæðum Samþykktarinnar um vinnueftirlit, 1947, og Samþykktarinnar um vinnueftirlit í landbúnaði 1969, án þess að draga úr skyldum, sem hvíla á þeim aðildarríkjum, er hafa fullgilt þær.

6. Eftir því sem við á ætti hlutaðeigandi stjórnvald eða stjórnvöld í samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og starfsmanna að stuðla að aðgerðum á sviði vinnuskilyrða í samræmi við þá stefnuskrá, sem um getur í 4. grein samþykktarinnar.

7. Megintilgangur þeirra ráðstafana, sem um getur í 15. grein samþykktarinnar ætti að vera:

a. að framfylgja fyrirmælum 4. og 7. greinar samþykktarinnar;
b. að samræma framkvæmd þeirra ætlunarverka, sem falin eru hlutaðeigandi stjórnvaldi eða stjórnvöldum samkvæmt 11. grein samþykktarinnar og 4. grein þessarar tillögu;
c. samræma aðgerðir varðandi heilbrigði og öryggi við vinnu og starfsumhverfi, sem taka til landsins alls, landshluta eða héraða og framkvæmdar eru af stjórnvöldum,

atvinnurekendum og samtökum þeirra, samtökum og fulltrúum starfsmanna svo og öðrum mönnum eða aðilum, sem hlut eiga að máli;

d. að stuðla að skiptum skoðana, upplýsinga og reynslu er taka til landsins alls eða einstakra atvinnu- eða starfsgreina.

8. Vera ætti náin samvinna milli stjórnvalda og aðalsamtaka atvinnurekenda og starfsmanna, svo og annarra hlutaðeigandi aðila, um aðgerðir til þess að semja og framfylgja stjórnarstefnu sem um getur í 4. grein samþykktarinnar.

9. Sú endurskoðun sem um getur í 7. grein samþykktarinnar ætti sérstaklega að beinast að aðstæðum hinna verst settu starfsmanna svo sem fatlaðra.

IV. Aðgerðir innan fyrirtækja.

10. Þær skyldur, sem lagðar eru á atvinnurekendur í því skyni að ná þeim markmiðum, sem sett eru í 16. grein samþykktarinnar, gætu, eftir því sem hentar hinum ýmsu atvinnugreinum og mismunandi störfum, verið fólgnar í eftirfarandi:

a. að sjá fyrir og viðhalda vinnustöðum, vélum og búnaði og viðhafa vinnuaðferðir, sem eru öruggar og hættulausar heilbrigði manna svo sem með góðu móti er unnt;
b. að veita nauðsynlegar leiðbeiningar og þjálfun með tilliti til viðfangsefna og hæfni mismunandi flokka starfsmanna;
c. að sjá fyrir viðeigandi eftirliti með vinnu, starfsvenjum svo og framkvæmd og hagnýtingu ráðstafana til verndar öryggi og heilbrigði við vinnu;
d. að koma á skipulegum ráðstöfunum varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, sem hæfi stærð fyrirtækis og starfsemi þess;
e. að láta starfsmanni í té honum algjörlega að kostnaðarlausu viðeigandi varnarklæði og búnað, sem eðlileg nauðsyn krefur, þegar ekki er á annan veg unnt að koma í veg fyrir hættu eða hafa hemil á henni;
f. að tryggja það að skipulag vinnu, einkum að því er varðar vinnustundir og hvíldartíma, hafi ekki skaðleg áhrif á öryggi og heilbrigði;
g. að gera allar þær ráðstafanir, sem með sanngirni er hægt að krefjast til þess að koma í veg fyrir óhæfilega andlega eða líkamlega þreytu;
h. að takast á hendur kannanir og rannsóknir eða á annan hátt að fylgjast með vísindalegri og tæknilegri þekkingu, sem nauðsynleg er til þess að framfylgja undanfarandi ákvæðum.

11. Nú eru tvö eða fleiri fyrirtæki að störfum samtímis á sama vinnustað og ættu þau þá að vinna saman að því að framfylgja ákvæðum varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi þannig að ekki sé dregið úr ábyrgð hvers fyrirtækis á öryggi og heilbrigði starfsmanna þess. Þar sem það hentar ætti hlutaðeigandi stjórnvald eða stjórnvöld að setja almennar reglur um þessa samvinnu.

12. (1) Þær ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að greiða fyrir þeirri samvinu, sem um ræðir í 20. grein samþykktarinnar, ættu þar sem það á við og nauðsynlegt er að fela það í sér að í samræmi við landsvenju séu skipaðir öryggisfulltrúar starfsmanna, öryggis- og heilbrigðisnefndir starfsmanna og/eða sameiginlegar öryggis og heilbrigðisnefndir. Í sameiginlegum öryggis- og heilbrigðisnefndum ættu starfsmenn að hafa að minnsta kosti jafnmarga fulltrúa og atvinnurekandi.

(2) Öryggisfulltrúar starfsmanna, öryggis- og heilbrigðisnefndir starfsmanna og sameiginlegar öryggis- og heilbrigðisnefndir svo og, eftir því sem við á, aðrir fulltrúar starfsmanna ættu:

a. að fá nægilegar upplýsingar um málefni varðandi öryggi og heilbrigði, gera ætti þeim fært að rannsaka atriði, sem snerta öryggi og heilbrigði og hvetja þessa aðila til þess að gera tillögur um þetta efni;

b. að vera með í ráðum þegar nýjar öryggis- og heilbrigðisráðstafanir eru á döfinni og áður en þær koma til framkvæmda og leitað skal eftir stuðningi starfsmanna við slíkar ráðstafanir;
c. að vera með í ráðum við breytingar á vinnuaðferðum, starfsemi eða skipulagi vinnunnar, sem haft geta áhrif á öryggi eða heilbrigði starfsmanna;
d. að njóta verndar gegn uppsögn og öðrum aðgerðum þeim skaðlegum meðan þeir sinna störfum sínum á sviði öryggis- og heilbrigðismála við vinnu sem fulltrúar starfsmanna eða meðlimir öryggis- og heilbrigðisnefnda;
e. að geta lagt fram sinn skerf til ákvarðana um málefni varðandi öryggi og heilbrigði innan fyrirtækis;
f. að hafa aðgang að öllum hlutum vinnustaðarins og geta haft samband við starfsmennina um öryggis- og heilbrigðismál í vinnutíma á vinnustað;
g. að vera frjálst að hafa samband við vinnueftirlitsmenn;
h. að geta lagt sitt af mörkum í samningum innan fyrirtækisins um málefni varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu;
i. að hafa nægan tíma í vinnutímanum til þess að sinna sínum öryggis- og heilbrigðisstörfum og fá þjálfun í sambandi við þessi störf;
j. að eiga þess kost að leita til sérfræðinga um leiðbeiningar í sérstökum vandamálum varðandi öryggi og heilbrigði.

13. Eftir því sem nauðsyn krefur með tilliti til starfsemi fyrirtækisins og mögulegt er miðað við stærð þess, ætti að sjá til þess:
a. að kostur sé atvinnuheilbrigðisþjónustu og öryggisþjónustu innan fyrirtækisins, í sameiningu með öðrum fyrirtækjum eða samkvæmt samkomulagi við utanaðkomandi aðila;
b. að unnt sé að leita til sérfræðinga um ráðgjöf í sérstökum vandamálum varðandi heilbrigði eða öryggi við vinnu eða til eftirlits með ráðstöfunum til að vinna bug á þeim.

14. Þegar starfsemi fyrirtækja þeirra er þess eðlis að þess gerist þörf, ætti atvinnurekendum að vera skylt að setja fram skriflega stefnu sína og aðgerðir á sviði öryggis og heilbrigði við vinnu og hinar ýmsu skyldur sem þessum ráðstöfunum fylgja og að koma þessum upplýsingum til vitundar sérhvers starfsmanns á því máli eða með þeim hætti sem starfsmaðurinn á auðvelt með að skilja.

15. (1) Atvinnurekendum ætti að vera skylt að ganga úr skugga um að kröfum um að öryggi og heilbrigði við vinnu sé framfylgt til dæmis með umhverfiskönnun og með því að gera skipulegar öryggiskannanir annað veifið.

(2) Atvinnurekendum ætti að vera skylt að halda þær skrár um heilbrigði og öryggi og starfsumhverfi, sem hlutaðeigandi stjórnvald eða stjórnvöld telja nauðsynlegar. Í þeim gætu verið skrár yfir öll tilkynningarskyld vinnuslys og heilsutjón, sem verður í vinnu eða í sambandi við vinnu, skrár yfir leyfi og undanþágur frá lögum eða reglugerðum á þessu sviði og hvers konar skilyrði, sem fyrir þeim eru sett, vottorð varðandi eftirlit með heilbrigði starfsmanna í fyrirtækinu og upplýsingar um hættu frá sérstökum efnum og efnahvötum.

16. Sú skipan mála, sem mælt er fyrir um í 19. grein Samþykktarinnar ætti að miða að því að tryggja það, að starfsmenn:
a. gæti skynsamlega eigin öryggis og annarra manna, sem orðið geta fyrir barðinu á athöfnum þeirra eða vanrækslu í starfi;
b. fari eftir fyrirmælum sem sett eru vegna öryggis og heilbrigði þeirra sjálfra og annarra svo og hlíti öryggis- og heilbrigðisráðstöfunum;
c. noti öryggisbúnað og varnartæki á réttan hátt og geri þau ekki óvirk;
d. tilkynni tafarlaust næsta yfirmanni sínum um hvert það ástand sem þeir hafa ástæðu til að ætla að geti valdið hættu og þeir geta ekki sjálfir ráðið bót á;
e. tilkynni sérhvert slys eða heilsutjón sem verður í vinnu eða í sambandi við vinnu.

17. Engar aðgerðir skaðlegar starfsmanni ætti að gera með skírskotun til þess að hann hafi í góðri trú kvartað yfir því, sem hann taldi vera brot á lögboðnum skyldum eða alvarlegan misbrest í aðgerðum atvinnurekandans varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu eða starfsumhverfi.

V. Tengsl við alþjóðavinnumálasamþykktir og tillögur sem fyrir eru.

18. Þessi tillaga breytir engri alþjóðatillögu um vinnumál.

19. (1) Við samningu og framkvæmd þeirrar stefnuskrár, sem um ræðir í 4. grein samþykktarinnar og án þess að draga úr skyldum sínum samkvæmt samþykktum, sem þau hafa fullgilt, ættu aðildarríkin að taka tillit til þeirra alþjóðavinnumálasamþykkta og tillagna, sem skráðar eru í fylgiskjalinu.

(2) Fylgiskjalinu getur Alþjóðavinnumálaþingið breytt, með ⅔ meirihluta atkvæða í sambandi við síðari gerð eða endurskoðun hvaða samþykktar eða tillögu sem er á sviði öryggis og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.

Fylgiskjal

Skrá yfir gjörninga varðandi öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur samþykkt síðan 1919.

Ár	Samþykkt	Tillaga
1921	13. Notkun blýhvítu í málningu	
1929	27. Letrun þyngdar á þunga hluti sem fluttir eru með skipum	
1937	62. Öryggisreglur í byggingariðnaði	53. Öryggisreglur í byggingariðnaði
1946	73. Læknisskoðun farmanna	79. Læknisskoðun barna og unglinga
	77. Læknisskoðun barna og unglinga í iðnaði	
	78. Læknisskoðun barna og unglinga í öðrum störfum en iðnaði	
1947	81. Vinnueftirlit í iðnaði og verslun	81. Vinnueftirlit
		82. Vinnueftirlit í námuvinnu og flutningum
1949	92. Vistarverur skipverja (endurskoðuð)	
1953		97. Heilsuvernd verkamanna
1958		105. Lyfjakistur í skipum
		106. Læknisráð til sjómanna
1959	113. Læknisskoðun fiskimanna	112. Heilbrigðisþjónusta á vinnustöðum
1960	115. Vernd gegn geislun	114. Vernd gegn geislun
1963	119. Öryggisbúnaður véla	118. Öryggisbúnaður véla
1964	120. Hollustuhættir við verslunar- og skrifstofustörf	120. Hollustuhættir við verslunar- og skrifstofustörf
	121. Bætur fyrir vinnuslys	121. Bætur fyrir vinnuslys
1965	124. Læknisskoðun unglinga vegna námavinnu	
1967	127. Hámarksþyngd byrðar	128. Hámarksþyngd byrðar
1969	129. Vinnueftirlit í landbúnaði	133. Vinnueftirlit í landbúnaði
1970	133. Vistarverur skipverja (viðbótarákvæði) (loftræsting)	140. Vistarverur skipverja
		141. Vistarverur skipverja (takmörkun hávaða)
	134. Slysavarnir sjómanna	142. Slysavarnir sjómanna
1971	136. Varnir gegn eitrunarhættu frá benseni	144. Varnir gegn eitrunarhættu frá benseni

Ár	Samþykkt	Tillaga
1974	139. Krabbamein sem atvinnusjúkdómur	147. Krabbamein sem atvinnusjúkdómur
1977	148. Starfsumhverfi (loftmengun, hávaði, titringur)	156. Starfsumhverfi (loftmengun, hávaði, titringur)
1979	152. Öryggi og heilbrigði í hafnarvinnu	160. Öryggi og heilbrigði í hafnarvinnu

Fylgiskjal VI.

Tillaga nr. 165 um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 67. þingsetu sinnar í Genf 3. júní 1981 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

gefur gaum að Philadelfiuyfirlýsingunni um hlutverk og markmið Alþjóðavinnumálastofnunarinn sem staðfestir að „allir menn hafi, án tillits til kynþáttar, trúar eða kynferðis, rétt til að vinna að efnahagslegri velsæld sinni og andlegum þroska, frjálsir á mannsæmandi hátt, við efnahagslegt öryggi og jafnréttisaðstöðu“,

gefur gaum að orðum yfirlýsingarinnar um sömu möguleika og jafnrétti til handa vinnandi konum og ályktunarinnar um fyrirhugaðar aðgerðir til þess að stuðla að jöfnum möguleikum og jafnrétti til handa vinnandi konum, sem gerð var á Alþjóðavinnumálaþinginu 1975,

gefur gaum að ákvæðum alþjóðlegra vinnumálasamþykkta og tillagna, sem miða að því að tryggja sömu möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnulífinu, sér í lagi samþykkt og tillögu um sömu laun frá 1951, samþykkt og tillögu um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs frá 1952 og VIII. kafla tillögu um þróun vinnuafls frá 1975,

minnist þess að samþykktin um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs frá 1958 tekur ekki ótvírætt til aðgreiningar vegna fjölskylduábyrgðar og telur nauðsynlegt að setja reglur til viðbótar á þessu sviði,

gefur gaum að ákvæðum í tillögu frá 1965 um atvinnu kvenna með fjölskylduábyrgð og hugleiðir þær breytingar, sem orðið hafa síðan hún var gerð,

gefur gaum að því að gjörningar um sömu möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum hafa einnig verið gerðir af Sameinuðu þjóðunum og öðrum sérstofnunum og minnst sérstaklega fjórtándu greinar í formála Samþykktar Sameinuðu þjóðanna frá 1979 um afnám hvers konar mismununar gagnvart konum, en þar segir að aðildarríkjum „sé ljóst að breytinga á hefðbundnu hlutverki karla jafnt og kvenna í samfélaginu og fjölskyldunni sé þörf til þess að náð verði fullu jafnrétti karla og kvenna“,

viðurkennir að vandamál starfsfólks með fjölskylduábyrgð séu þættir víðtækara máls varðandi fjölskylduna og samfélagið, sem taka verði tillit til í stjórnarháttum ríkja,

viðurkennir þörfina til þess að tryggja í raun jafna möguleika og jafnrétti vinnandi karla og kvenna með fjölskylduábyrgð og milli slíks starfsfólks og annars starfsfólks,

telur að mörg þeirra vandamála, sem allir starfsmenn hafa við að glíma, bitni meira á starfsfólki með fjölskylduábyrgð og viðurkennir þörfina til þess að bæta aðstöðu þeirra bæði með aðgerðum sem svara sérstökum þörfum þeirra og aðgerðum, sem miða að því að bæta aðstöðu starfsfólks almennt,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi jafna möguleika og jafnrétti til handa vinnandi körlum og konum, starfsfólki með fjölskylduábyrgð, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu, gerir það í dag, 23. júní 1981, eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, 1981:

I. Skilgreiningar, gildissvið og framkvæmdahættir.

1. (1) Þessi tillaga tekur til vinnandi karla og kvenna, sem hafa skyldum að gegna gagnvart eigin börnum á þeirra framfæri þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra til undirbúnings, þátttöku eða frama í atvinnulífinu.

(2) Ákvæðin í þessari tillögu ættu einnig að taka til vinnandi karla og kvenna, sem hafa skyldum að gegna gagnvart öðrum nánum vandamönnum, sem þarfnast umönnunar þeirra eða forsjár þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra til undirbúnings, þátttöku eða frama í atvinnulífinu.

(3) Í þessari tillögu merkja orðin „barn á framfæri" og „aðrir nánir vandamenn sem þarfnast umönnunar eða forsjár", þær manneskjur, sem þannig eru skilgreindar í hverju landi með einhverjum þeim hætti, sem um getur í 3. grein þessarar tillögu.

(4) Þeir starfsmenn, sem málsgreinar (1) og (2) í þessari grein taka til, eru hér á eftir nefndir „starfsmenn með fjölskylduábyrgð".

2. Þessi tillaga tekur til allra greina atvinnulífsins og allra flokka starfsmanna.

3. Ákvæði þessarar tillögu má framkvæma með lögum eða reglugerðum, kjarasamningum, starfsreglum, gerðardómum, dómsúrskurðum eða þessum aðferðum sameiginlega, eða með hverjum þeim hætti öðrum, sem er í samræmi við landsvenju, sem við kann að eiga, enda sé tekið tillit til aðstæðna í landinu.

4. Ákvæði þessarar tillögu má framkvæma í áföngum af nauðsyn ber til með tilliti til aðstæðna í landinu. Slíkar framkvæmdir skulu þó jafnan taka til allra þeirra starfsmanna, sem málsgrein (1) í 1. grein tekur til.

5. Á þann hátt, sem samrýmist aðstæðum og venju í landinu, skulu samtök atvinnurekenda og starfsmanna hafa rétt til þátttöku í mótun og framkvæmd aðgerða, semmiða að því að framkvma ákvæði þessarar tillögu.

II. Stjórnarstefna ríkja.

6. Með það fyrir augum að koma á í raun jöfnum möguleikum og jafnrétti til handa vinnandi körlum og konum ætti sérhvert aðildarríki að setja það markmið í stjórnarstefnu sinni að auðvelda fólki með fjölskylduábyrgð, sem er í atvinnu eða óskar að vera það, að framfylgja rétti sínum til þess án þess að verða fyrir mismunun og að svo miklu leyti sem því er mögulegt án árekstra milli atvinnu þess og fjölskylduábyrgðar.

7. Innan marka þeirrar stjórnarstefnu að stuðla að jöfnum möguleikum og jafnrétti til handa körlum og konum ætti að ákveða og framkvæma aðgerðir til þess að koma í veg fyrir beina eða óbeina mismunun vegna hjúskaparstéttar eða fjölskylduábyrgðar.

8. (1) Að því er varðar 6. og 7. grein hér að framan merkir orðið „mismunun" mismunun í atvinnu og starfi eins og það er skilgreint í 1. og 5. grein Samþykktar um mismunun í atvinnu og starfi, 1958.

(2) Sérstakar aðgerðir á umbreytingatíma, sem miða að því að koma á raunverulegu jafnrétti karla og kvenna, ættu ekki að teljast mismunun.

9. Með það fyrir augum að koma á í raun jöfnum möguleikum og jafnrétti til handa vinnandi körlum og konum ætti að gera allar þær ráðstafanir, sem samræmast aðstæðum og möguleikum í landinu, til þess:

a. að gera starfsmönnum með fjölskylduábyrgð mögulegt að hagnýta rétt sinn til starfsþjálfunar og frjáls vals atvinnu;
b. að taka tillit til þarfa þeirra að því er varðar kjör, vinnuskilyrði og félagslegt öryggi;

c. að þróa eða stuðla að barnagæslu, fjölskylduaðstoð og annarri þjónustu í sveitarfélaginu á vegum hins opinbera eða einkaaðila í samræmi við þarfir þeirra.

10. Hlutaðeigandi stjórnvöld og stofnanir í hverju landi ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að stuðla að upplýsingum og fræðslu sem leiði til víðtækara almenns skilnings á meginreglunni um jafna möguleika og jafnrétti til handa vinnandi körlum og konum og á vandamálum starfsfólks með fjölskylduábyrgð og mynda það almenningsálit, sem leiði til þess að unnin verði bugur á þessum vandamálum.

11. Hlutaðeigandi stjórnvöld og stofnanir í hverju landi ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til þess:

a. að annast eða styrkja þær kannanir á hinum ýmsu þáttum varðandi atvinnu starfsmanna með fjölskylduábyrgð, sem nauðsynlegar kunna að vera í því skyni að veita hlutlægar upplýsingar, er á megi byggja trausta stjórnarstefnu og aðgerðir; og

b. að stuðla að fræðslu, sem hvetji til skiptingar fjölskylduábyrgðar milli karla og kvenna og geri starfsfólki með fjölskylduábyrgð auðveldara að gegna skyldum sínum gagnvart atvinnu þeirra og fjölskylduábyrgð.

III. Þjálfun og atvinna.

12. Gera ætti allar þær ráðstafanir, sem samrýmast aðstæðum og möguleikum í landinu, til þess að gera starfsmönnum með fjölskylduábyrgð kleift að hefja eða halda áfram þátttöku í atvinnulífinu svo og að koma að nýju á vinnumarkaðinn eftir fjarveru vegna þessarar ábyrgðar.

13. Í samræmi við stjórnarstefnu og venju í landinu ætti að gefa starfsmönnum með fjölskylduábyrgð kost á aðstöðu til starfsþjálfunar og þar sem því verður við komið, námsorlofi með kaupi til þess að hagnýta sér þessa aðstöðu.

14. Þjónusta sem nauðsynleg kann að vera til þess að gera starfsmönnum með fjölskylduábyrgð kleift að koma eða koma á ný inn í atvinnulífið, ætti að vera til reiðu innan marka þeirrar þjónustu sem allir starfsmenn njóta, en sé það ekki svo þá ætti slík þjónusta að fara eftir reglum sem hæfa aðstæðum í landinu. Í þessari þjónustu ætti að felast starfsfræðsla, leiðbeiningar, upplýsingar og ráðningarþjónusta sem hafi á að skipa vel þjálfuðu starfsliði. Þjónustan ætti að vera starfsmönnum að kostnaðarlausu og samsvara til hlítar sértökum þörfum starfsmanna með fjölskylduábyrgð.

15. Starfsmenn með fjölskylduábyrgð ættu að njóta jafnra möguleika og jafnréttis við aðra starfsmenn að því er varðar undirbúning starfs, aðgang að vinnu, frama í atvinnu og atvinnuöryggi.

16. Hjúskaparstétt, fjölskylduhagir eða fjölskylduábyrgð ætti ekki í sjálfu sér að vera gildar ástæður til synjunar um vinnu eða uppsagnar.

IV. Kjör og vinnuskilyrði.

17. Allar þær ráðstafanir, sem samrýmast aðstæðum og möguleikum í landinu og lögmætum hagsmunum annarra starfsmanna, ætti að gera til þess að tryggja að kjör og vinnuskilyrði séu þannig að þau geri starfsmönnum með fjölskylduábyrgð kleift að samræma atvinnu sína og fjölskylduábyrgð.

18. Sérstaklega ætti að sinna almennum aðgerðum til þess að bæta vinnuskilyrði og líf hins vinnandi manns meðal annars með aðgerðum sem miða að því:

a. að fækka smám saman daglegum vinnustundum og draga úr yfirvinnu, og

b. að koma á meiri sveigjanleika að því er varðar starfsáætlanir, hvíldartíma og orlof,

enda sé tekið tillit til þróunarstigs og sérstakra þarfa landsins og mismunandi atvinnugreina.

19. Við skipulagningu vaktavinnu og úthlutun næturvinnu ætti hvenær sem því verður við komið og við á að taka tillit til sérstakra þarfa starfsmanna þ. á m. þeirra þarfa sem fjölskylduábyrgð fylgja.

20. Þegar starfsmenn eru fluttir frá einu byggðarlagi til annars ætti að taka tillit til fjölskylduábyrgðar og hugleiða atriði eins og vinnustað maka og möguleika barna til menntunar.

21. (1) Í því skyni að vernda starfsmenn, sem stunda hlutastörf, störf um stundarsakir, eða heimavinnu, en margir þeirra hafa fjölskylduábyrgð, ætti að hafa viðeigandi stjórn á og eftirlit með kjörum og vinnuskilyrðum við þess konar atvinnu.

(2) Kjör og vinnuskilyrði, þar með talin tryggingaréttindi, starfsmanna sem stunda hlutastörf eða störf um stundarsakir, ættu svo sem við verður komið að vera jöfn þeim sem menn í fullu starfi og fastir starfsmenn njóta eftir því sem við á. Þegar það á við má reikna réttindi þeirra eftir hlutföllum.

(3) Mönnum, sem eru í hlutastarfi, ætti að gefa kost á því að fá eða endurheimta fullt starf þegar starf er laust og þegar þær ástæður sem leiddu til ráðningar í hlutastarf, eru ekki lengur fyrir hendi.

22. (1) Á tilteknum tíma, sem hefst þegar að loknu fæðingarorlofi, ætti annaðhvort foreldra að eiga þess kost að fá fjarvistarleyfi (foreldraorlof) án þess að láta af starfi og halda réttindum, sem starfinu fylgja.

(2) Lengd hins tiltekna tíma að loknu fæðingarorlofi og tímalengd og skilyrði fjarvistarleyfis, sem um ræðir í (1). málsgrein þessarar greinar, ætti að ákvarða í hverju landi með einhverjum þeim hætti, sem um ræðir í 3. grein þessarar tillögu.

(3) Fjarvistarleyfi það, sem um ræðir í (1.) málsgrein þessarar greinar mætti taka upp í áföngum.

23. (1) Starfsmaður, karl eða kona, með fjölskylduábyrgð gagnvart barni á sínu framfæri, ætti að geta fengið leyfi til fjarvistar vegna veikinda barnsins.

(2) Starfsmaður með fjölskylduábyrgð ætti að geta fengið leyfi til fjarvistar vegna veikinda annars náins vandamanns síns, sem þarfnast umönnunar hans og aðstoðar.

(3) Tímalengd og skilyrði fyrir fjarvistum sem um getur í (1) og (2) málsgrein þessarar greinar ætti að ákvarða í hverju landi með einhverjum þeim hætti sem nefndur er í 3. grein þessarar tillögu.

V. Barnagæsla og fjölskylduhjálp.

24. Í því skyni að ákvarða fyrirkomulag barnagæslu og fjölskylduhjálpar sem þörf er á til þess að hjálpa starfsmönnum með fjölskylduábyrgð til að sinna skyldum sínum gagnvart starfi sínu og fjölskyldu, ættu hlutaðeigandi stjórnvöld í samvinnu við hlutaðeigandi samtök hins opinbera og einkaaðila, sér í lagi samtök atvinnurekenda og starfsmanna og innan þeirra marka sem möguleikar þeirra til öflunar upplýsinga leyfa að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera og við eiga til:

a. söfnunar og útgáfu viðeigandi skýrslna um fjölda starfsmanna með fjölskylduábyrgð, sem eru í eða leita sér atvinnu, svo og um fjölda og aldur barna þeirra og annarra á þeirra vegum sem þarfnast umönnunar; og
b. þess með skipulögðum könnunum, er fari einkum fram innan sveitarfélaga, að fá vitneskju um þörfina fyrir barnagæslu og fjölskylduhjálp og á hvað leggja beri mesta áherslu.

25. Í samvinnu við hlutaðeigandi samtök á vegum hins opinbera og einkaaðila ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja það að barnagæsla og fjölskylduhjálp fullnægi þeim þörfum og óskum sem í ljós koma. Í þessu skyni ættu stjórnvöldin með tilliti til aðstæðna og möguleika í landinu eða á staðnum sérstaklega:

a. að stuðla að og greiða fyrir því að gerðar séu áætlanir um skipulagða barnagæslu og fjölskylduhjálp, sér í lagi í einstökum sveitarfélögum, og
b. ættu þau sjálf að skipuleggja og greiða fyrir því að látin sé í té nægileg og viðeigandi barnagæslu- og fjölskylduhjálp, sem veitt væri ókeypis eða gegn sanngjörnu gjaldi miðað við greiðslugetu starfsmannsins. Aðstoð þessi ætti að vera sveigjanleg og miðast við þarfir barna á ýmsum aldri, annarra vandamanna, sem þarfnast umönnunar og starfsmanna með fjölskylduábyrgð.

26. (1) Barnagæsla og hvers konar fjölskylduhjálp ætti að fullnægja reglum, sem hlutaðeigandi stjórnvöld setja og hafa eftirlit með.

(2) Í slíkum reglum ætti sér í lagi að mæla fyrir um búnað og þær heilsufræðilegar og tæknilegar kröfur, sem gerðar eru til veittrar þjónust, fjölda starfsmanna og hæfni þeirra.

(3) Hlutaðeigandi stjórnvöld ættu að sjá fyrir eða hjálpa til þess að tryggja nægilega þjálfun á ýmsum stigum fyrir starfslið sem þörf er á til að annast barnagæslu og fjölskylduhjálp.

VI. Félagslegt öryggi.

27. Þegar nauðsyn krefur ættu starfsmenn með fjölskylduábyrgð að eiga kost á tryggingabótum, skattaívilnun eða öðrum viðeigandi ráðstöfunum sem samrýmast stjórnarháttum í landinu.

28. Meðan fjarvistarleyfi, sem um getur í 22. og 23. grein, varir gætu hlutaðeigandi starfsmenn verið tryggðir félagslegum tryggingum í samræmi við aðstæður og venju í landinu og með einhverjum þeim hætti sem um getur í 3. grein þessarar tillögu.

29. Ekki ætti að útiloka starfsmann frá félagslegum tryggingum vegna atvinnu maka og bótarétti, sem sú atvinna hefur í för með sér.

30. (1) Fjölskylduábyrgð starfsmanns ætti að vera atriði sem taka ber tillit til þegar ákvarðað er hvort boðin atvinna sé við hæfi í því tilliti að neitun við boðinu geti leitt tilmissis eða frestun atvinnuleysisbóta.

(2) Þegr boðin atvinna hefur í för með sér flutning til annars byggðarlags, ætti sérstaklega meðal annarra atriða að taka tillit til atvinnustaðar maka og möguleika til menntunar barna.

31. Aðildarríki sem ekki hefur nægilega þróað efnahagslíf getur tekið tillit til fjárráða ríkisins og gildandi tryggingarkerfa í sambandi við framkvæmd ákvæða 27. og 30. greinar þessarar tillögu.

VII. Aðstoð við að sinna fjölskylduábyrgð.

32. Hlutaðeigandi stjórnvöld og aðilar í hverju landi ættu að stuðla að þeim aðgerðum á vegum hins opinbera og einkaaðila, sem mögulegar eru til þess að létta þá byrði sem leiðir af fjölskylduábyrgð starfsmanna.

33. Gera ætti allar þær ráðstafanir, sem samrýmast aðstæðum og mögulcikum í landinu, til þess að þróa heimilishjálp og heimahjúkrun, sem sé háð hæfilegri stjórn og eftirliti og geti veitt starfsmönnum með fjölskylduábyrgð sérhæfða aðstoð eftir þörfum gegn sanngjörnu gjaldi sem sé í samræmi við greiðslugetu þeirra.

34. Ýmsar þær aðgerðir, sem miða að því að bæta kjör starfsmanna almennt geta einnig haft jákvæð áhrif á kjör starfsmanna með fjölskylduábyrgð. Þess vegna ættu hlutaðeigandi stjórnvöld og aðilar í hverju landi að styrkja þær aðgerðir hins opinbera og einkaaðila sem mögulegar eru til þess að þjónustustarfsemi í sveitarfélaginu fullnægi þörfum starfsmanna, svo sem að því er tekur til samgöngukerfa á vegum hins opinbera, veitingu vatns og orku til bústaða verkamanna eða í nánd við þá og húsnæði sem hannað er með tilliti til vinnusparnaðar.

VIII. Áhrif á tillögur, sem fyrir eru.

35. Þessi tillaga kemur í stað tillögu frá 1965 um vinnu kvenna með fjölskylduábyrgð.